

Aðalfundur FHA

4. júní 2012

Aðalfundur Félags háskólakennara á Akureyri (FHA) var haldinn í stofu N- 102 á Sólborg 4.júní 2012 kl. 11.30. Guðmundur Kristján Óskarsson stýrði fundi og Ólína Freysteinsdóttir ritaði fundargerð. 15 félagar mættu á fundinn og fyrir honum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta aðalfundar
2. Skýrsla stjórnar og umræður um hana
3. Reikningar félagsins
4. Staðfesting á inntöku nýrra félaga
5. Ákvörðun árgjalds
6. Tillögur að lagabreytingum
7. Kosningar
8. Önnur mál,

1. Fundargerð síðasta aðalfundar hefur legið fyrir á heimasíðu félagsins. Fundargerðin var borin upp og samþykkt samhljóða.

2. Skýrsla stjórnar var flutt af Hjördísi Sigursteinsdóttur, formanni.

3. Reikningar. Ása Guðmundardóttir kynnti reikninga félagsins, en þeim var einnig dreift á fundinum. Fram kom að rekstrarafgangur síðasta árs var rúm 300 þúsund og eigið fé í lok tæpar 25 milljónir. Hluti fjármuna félagsins er bundinn í sjóðum hjá Íslenskum verðbréfum. Reikningar voru síðan bornir upp og samþykktir samhljóða

4. Félagatal var lagt fram til kynningar og komu tvær athugasemdir fram.

5. Ákvörðun árgjalds. Fráfarandi stjórn lagði til að árgjald yrði lækkað í 0,7% en það hefur verið 1,2% í langan tíma.

Tillaga stjórnar um lækkun árgjalds var samþykkt.

6. Lagabreytingar. Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

8. Kosningar

Kosið var í þau embætti sem lög kveða á um og hlutu eftirtaldir kosningu:

Tveir stjórnarmenn: **Guðmundur Engilbertsson og Vera Kr. Vestmann**

Formaður: **Hjördís Sigursteinsdóttir**

Tveir varastjórnarmenn: **Þóra Rósa Geirsdóttir og Fjóla Jónsdóttir**

Samninganefnd: **Helgi Gestsson, formaður, Hjördís Sigursteinsdóttir og Ólína Freysteinsdóttir**

Samstarfsnefnd: **Helgi Gestsson, formaður, Hjördís Sigursteinsdóttir og Ólína Freysteinsdóttir**

Skoðunarmenn ársreikninga: **Stefán Sigurðsson og Stefán Jóhannsson**

9. Önnur mál. Undir liðnum önnur mál voru rætt hvort hagsmunum FHA væri betur borgið með inngöngu inn í FH og þá hvort félagið yrði þá deild innan þess eins og KHÍ. Kostir og gallar voru einnig ræddir. Vegna skýrslu stjórnar komu fyrirspurnir vegna þess aðkasts sem formaður félagsins lenti í vegna breytinga á *Reglum um vinnumatssjóð* og kom fram mikilvægi þess að eftirfylgni yrði í því máli. Umræða var um mætingu á fundi FHA og leiðir til að auka áhuga félagsmanna til að taka þátt í starfi félagsins. Einnig var rætt um nauðsyn þess að stofna starfsmannafélag við Háskólann á Akureyri og að á svo fjölmönnum vinnustað sem HA er, væri nauðsynlegt að hafa starfsmannastjóra. Stjórn félagsins var falið að skoða það nánar.

Fundi var slitið kl. 12:15 og fundargestum boðið í grill.